

Skólaráð

Skólaráð 20. janúar 2015

42. fundur

Fundur settur kl. 8.15

Mætt voru: María Pálmadóttir skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ólöf Kristín Einarsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Kristbjörg Tinna Ásbjörnsdóttir fulltrúi foreldra, Margrét Hanna fulltrúi foreldra og Kristín Thoroddsen, fulltrúi grenndarsamfélags, Þórður Skúlason fulltrúi nemenda.

1. Skólalóðin og fasteignamál
2. Mats- þróunar- og umbótaáætlun og Símenntunar- og skólaþróunaráætlun 2014 - 2015
3. Heimasíðan
4. Nemendakannanir
5. Önnur mál

María Pálmadóttir setti fundinn og ræddi í upphafi mikilvægt væri að finna einn varamann frá foreldrum. Kristín ætlaði að gera það. María kynnti Hafstein Ingólfsson sem tók við starfi umsjónarmanns fasteigna nú í haust og bauð honum að að taka til máls.

1.Skólalóðin og fasteignamál: Hafsteinn fór yfir lóðamálin. Hann fékk þjónustumiðstöðina til að fara yfir lóðin og laga allt það sem laga þurfti. Hann segir að lóðin sé í nokkuð góðu lagi. Úttekt var gerð af BSI (British Standard International). Taka á tvær af brúnum í vor og laga þær samkvæmt þessum staðli. Kristín spurði um mölina við rólurnar og hvort það væri ekki betra að hafa gúmímottur. Hafsteinn sagði að standard væri að hafa mölina. Kristbjörg Tinna sagði líka að hola myndaðist oft undir rólunum og vatn safnaðist oft þar undir. María benti á að það yrði að setja þetta á fjárhagsáætlun ef tekin er ákvörðun um að breyta þessu og þá er það jafnframt spurning um forgangsroðun. María og Hafsteinn munu skoða þetta. Við viljum halda lóðinni í lagi og öruggri. Við getum líka gert meira af því að sópa í kring um þessi svæði

Skólaráð

og virkja krakkana líka til þess. Hafsteinn benti á að þjónustustigið hafi lækkað vegna niðurskurðar. Ræddum um frábært framtak Foreldrafélagsins sl. vor við hreinsun á skólalóð og viðhald á skólalóðinni. Kristbjörg Tinna kom með fyrirspurn varðandi hljóðvist í íþróttahúsinu. María og Hafsteinn ætla að heyra í íþróttakennurunum varðandi þetta og athuga hvað þau hafa um þetta að segja og hvort úrbóta er þörf. Hafsteinn var líka spurður um „pottinn“ við vesturandyrið sem fyllist af vatni í hláku. Hann ætlar að fylgja því eftir að þetta verði lagað. Hann hefur fengið viljrði fyrir að það verði gert. Margt sem þarf að huga að varðandi viðhald og benti María að það væru mörg atriði sem brýnt væri orðið að laga. Mikið umfang er í kringum loftræstikerfið og nú er unnið að því að koma jafnvægi á það. Hitakerfið hefur líka verið í ójafnvægi og Hafsteinn fylgist vel með því og reynir eftir bestu getu að halda kerfinu í lagi. Rakablettir á kaffistofu starfsmanna voru aðeins ræddir. Ekki hefur lekið meira þar í vatnsveðri undanfarandi dagi. Hafsteini þakkað fyrir og hann vék af fundi.

2. Mats- þróunar- og umbótaáætlun 2014 – 2015 og Símenntunar- og skólaþróunaráætlun

2014 -2015: María lagði þessar áætlanir fram sagði frá þessum áætlunum og hvernig skiptingin er. Bæði það sem er almennt og þau verkefni sem á sérstaklega við um Setbergsskóla. T.d. munum við vinna með gagnsemi starfsmannasamtala og hvað hægt er að gera til að starfsmenn upplifi meira gagn af þeim. Við erum yfir landsmeðaltali varðandi gagnsemi af lestri en við viljum skora hærra í því. Tekin verða rýnihópaviðtöl við nemendur og þau m.a. spurð að því hvaða hugmyndir þau hafa varðandi hvað hægt er að gera til að auka ánægju af lestri. Þórður segir bókasafnið vera langt frá unglíngadeildinni og hann lítið fara þangað. María og Sif eru að skoða ásamt læsisteymi hvað við getum gert til að auka ánægju og gagnsemi af lestri. Aðeins var rædd læsisstefnan sem unnið er að hjá Hafnarfjarðarbæ.

3. Heimasíðan: Ræddum um heimasíðuna og í kjölfarið þá sagði Kristín okkur frá því að formaður Foreldraráðs Hafnarfjarðar hafi verið að skoða heimsíður skólanna í bænum og lét í ljós ánægju með heimasíðu Setbergsskóla. Kristín benti á að gott væri að fá „follow up“ á heimasíðuna. Sif mun ræða þetta við Núma

Skólaráð

tölvuumsjónarmann til að hægt sé að skoða þetta með tölvudeildinni. Ólöf Kristín benti líka á hvort hægt væri að setja svipað inn hjá Mentor.

4. Nemendakannanir: María sagði frá nemendakönnuninni og að hún ætli að fara inn í bekki og segja aðeins frá niðurstöðum og hvað við gerum í kjölfarið. Erum og svipuðu róli og hefur verið. Erum almennt í meðaltali. Samband nemenda og kennara hefur aðeins hækkað eins og við stefnt var að. Olweusarkönnunin gefur okkur tækifæri til að rýna vel í hana og að vinna úrbótaáætlun. María sagði frá viðhorfakönnun skólamáltíða og í kjölfarið þá velti Kristín því upp hve mikið af mat er hent. María stakk

4. Önnur mál: Kristbjörg Tinna benti okkur á að upplýsingar varðandi skólabyrjun ætti að vera skýrari og það þyrfti að koma fram tímanlega að skólabyrjun hjá fyrsta bekk er með aðeins öðrum hætti. Fyrirspurn kom varðandi hvað gert ef börn hafa ekki tök á taka þátt í ferðum eða skemmtunum þá er reynt að komast að því af hverju og grípum strax inn í málið og styðjum við þá nemendur sem þurfa á því að halda. Kristín sagði frá fyrirlestrum um netnotkun sem Foreldraráð Hafnarfjarðar stendur fyrir og verður 3. febrúar í Gaflaraleikhúsinu.

Fundi slitið kl. 09:30

Sif Stefánsdóttir ritaði fundargerð.